

Samstarfshópur miðborgarmála

Ár 2020, miðvikudaginn 18 nóvember, var haldinn 2. fundur samstarfshóps miðborgarmála. Fundurinn var haldinn í fjarfundarbúnaði og hófst hann kl. 11:04. Fundinn sátu Þorsteinn Gunnarsson formaður, Óli Örn Eiríksson, Bjarni Brynjólfsson, Ágúst Elvar Bjarnason, Anna Kristinsdóttir, Benóný Ægisson, Sævar Hilmarsson, Krisjana Ósk Jónsdóttir, Garðar Hannes Friðjónsson, Arnar Þór Hjaltsted, Ólafur Stephensen, Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, Sif Gunnarsdóttir, Hjalti Jóhannes Guðmundsson, Edda Ívarsdóttir, Árný Sigurðardóttir, Tinna Jóhannsdóttir, Finnur Bogi Hannesson, Hörður Heiðar Guðbjörnsson, Jóhann Karl Þórisson, Helgi Njálsson, Björg Jónsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Þórunn Edda Magnúsdóttir og Magnús Þór Ásmundsson. Fundargerð ritaði Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Björg Jónsdóttir verkefnastjóri hjá menningar- og ferðamálasviði kynnti Jólaborgina 2020. Lögð var áhersla á að kynna sérstaklega markaðsmál miðborgarinnar, jólaskreytingar í borgarlandinu og viðburði (jólamarkaði og fl.) ásamt því að kynna til leiks og frumsýna nýjan jólavætt.
2. Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn kynnti afbrotatölfræði lögreglunnar í miðborginni á Covid tímum og samanburð á fjölda afbrota milli ára.
3. Lagðar voru fram eftirfarandi tillögur að vinnuhópum:
 - a. Ólafur Stephensen frá FA kynnti tillögu að vinnuhópi um vörudreifingu í miðborginni. Tillagan var samþykkt.
 - b. Jakob Einar Jakobsson veitingamaður og stjórnarmaður í Miðborginni okkar kynnti tillögu að vinnuhópi um stofnun á nýju félagi hagaðila í miðborginni. Tillagan var samþykkt.
 - c. Þorsteinn Gunnarsson borgarritari kynnti tillögu að vinnuhópi um stöðu og greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni. Tillagan var samþykkt.
 - d. Þorsteinn Gunnarsson borgarritari kynnti tillögu að vinnuhópi um öflun og yfirsýn á tölfræðigögnum um miðborgina. Tillagan var samþykkt.
4. Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir verkefnastjóri leiddi hópinn í stutta vinnustofu þar sem unnið var með að undirbúa starfsáætlun samstarfshópsins.

Fundi slitið kl. 12:21